

# K-saga

## Forsaga

*Eins og svo oft áður er vondi galdrakarlinn á ferli á nóttinni.*

”Ahh, ég finn kökulykt. Hvaðan kemur hún? ... Hérna úr glugganum, já. Ha, ha, ég held ég fái mér smá kökubita, mér finnst kaka svo góð – sérstaklega þegar ég get stolið henni! He, he!”

*En um leið og vondi galdrakarlinn teygði sig inn eftir kökunni stökk kötturinn Klói til og klóraði hann í hendina.*

”Æææi – þetta var vont! Nú er ég sko í vondu skapi! Nú ætla ég að hefna mín! Hvernig get ég hefnt mín þannig að allir finni fyrir því? Já, ég ætla að taka alla ketti og læsa þá inni í kastalanum mínum.”

*Galdrakarlinn sveiflaði töfrasprotanum sínum og hrópaði:*

”Abrakadabra, simmsalabimm  
Ég sendi ykkur alla í kastalann minn!”

*En galdrakarlinn hafði ekki tekið eftir því að Klói hafði falið sig niðri í kistu, svo að galdurinn í töfrasprotanum náði ekki til hans.*

”Nei annars, þetta er alls ekki nóg! Ég er ennþá reiður! Já, nú veit ég – ég ætla að taka öll dýr sem byrja á K og læsa þau inni líka: Krókódílar og kanínur, kindur, köngulær og krabbar, kengúrur og kolkrabbar, kýr og krummar!”

”Abrakadabra, simmsalabimm,  
ég sendi ykkur öll í kastalann minn!”

*Og svo flaug hann heim til sín og var rosalega ánægður með hvað hann hafði verið vondur.*

## Aðalsaga

Morguninn eftir að vondi galdrakarlinn hafði stolið öllum þessum dýrum og læst þau inni, vaknaði \_\_\_\_\_ mjög snemma við að Klói var að sleikja á honum tærnar þannig að hann kitlaði.

“Komdu fljótt, þú verður að hjálpa mér!”, sagði Klói um leið og hann vaknaði. “Vondi galdrakarlinn er búinn að taka öll dýr sem byrja á K. Ég var eina dýrið sem slapp. Þú verður að koma með mér til galdrakarlsins og bjarga dýrunum!”

\_\_\_\_\_ var fljótur að samþykkja þetta. Þeir lögðu strax af stað til kastala galdrakarlsins. Þeir flýttu sér svo mikið að þeir gleymdu alveg að borða morgunmat.

Þegar \_\_\_\_\_ og Klói voru búnir að ganga í marga klukkutíma voru þeir orðnir nokkuð svangir. Vegna þess að hann hugsaði svo mikið um mat, fór \_\_\_\_\_ að söngla fyrir munni sér smá vísu:

Ég vil fá **kö-ku**, ég vil fá **klei-nur**  
Ég vil **ka-nel-snúð** og líka **kex**.  
Ég vil fá **kar-töf-lur**, ég vil fá **kjöt-bol-lur**  
og líka **ka-ra-mel-lur** sex!

hann klappaði í takt við orðin um leið og hann söng. (*Eigum við að syngja og klappa með honum?*)

Allt í einu heyrði hann að einhver var að kalla:

“Hjálp, hjálp!” Fyrst gat \_\_\_\_\_ ekki heyrt hvaða köllin komu, en svo sá hann að þau komu úr djúpri klettasprungu nálægt veginum. “Halló!” kallaði hann niður í sprunguna. “Hvað er að?”

“Ég sit föst í sprungunni og get ekki klifrað upp!” var kallað til baka.

“Hver ert þú?” spurði \_\_\_\_\_ svolítið tortrygginn, því að honum datt í hug að þetta gæti verið hættulegt tröll eða skrímsli. “Ég er bara gömul kona sem villtist af veginum í myrkrinu,” heyrðist úr sprungunni. “Æ, viltu ekki hjálpa mér?”

\_\_\_\_\_ svipaðist um og sá kaðalspotta skammt frá. Hann tók kaðalinn og lét hann síga niður í sprunguna. Svo gat hann dregið aumingja gömlu konuna upp. Það var sko ekki auðvelt skal ég segja ykkur, en það tókst að lokum.

“Þakka þér kærlega fyrir,” sagði gamla konan við hann á eftir. “Þarna hefurðu líklega bjargað lífi mínu og því vil ég gefa þér þetta að launum”. Og hún rétti \_\_\_\_\_ lítinn flauelspoka. “Þetta er galdrapoki. Sá sem á pokann getur tekið úr honum hvað sem hann þarf mest á að halda. Gangi þér vel og góða ferð.”

\_\_\_\_\_ þakkaði fyrir sig og hélt ferð sinni áfram. Nokkru síðar var hann kominn að kastala galdrakarlsins og bankaði að dyrum.

“Hvað vilt þú?” sagði vondi galdrakarlinn fýlulega um leið og hann opnaði dyrnar.

“Ég vil fá þig til að sleppa öllum dýrunum sem þú tókst í nótt,” sagði \_\_\_\_\_.

“Ha, ha! Svo þú komst að því að það var ég sem tók dýrin! Allt í lagi, en þá verðurðu að leysa þraut fyrir mig. Ef þú leysir hana sleppi ég dýrunum, en ef ekki læsi ég þig inn með þeim!”

\_\_\_\_\_ gat ekki annað en fallist á þessi skilyrði. “Hvað þarf ég að gera?” spurði hann.

“Ég vil fá 10 hluti sem byrja á K,” sagði galdrakarlinn. “Þá færðu lykil að herbergjunum sem dýrin eru í. En dýrin komast ekki út nema þú klappir líka nöfnin þeirra um leið og þú ert búinn að opna.”

\_\_\_\_\_ brosti, því að hann var einmitt nýbúinn að æfa sig í að klappa matarvísunna sína – og þar að auki vissi hann, að hann gæti fundið einmitt þá hluti sem hann þyrfti í galdrapokanum.

*(Barnið tekur einn hlut í einu upp úr pokanum og leggur á borðið. Galdrakarlinn verður sífellt reiðari).*

Þegar \_\_\_\_\_ opnaði dyrnar, sá hann að inni í herberginu voru ...

*(Barnið opnar einar dyr í einu með lyklinum, snýr spjaldinu við til að sjá hvaða dýr er um að ræða, og klappar nafn þess).*

“Aargh!” æpti galdrakarlinn og skellti hurðinni á kastalanum aftur. Og \_\_\_\_\_ gat loksins farið heim í kvöldmat. *Og hvað haldið þið að hann hafi fengið í kvöldmatinn?*

Hann fékk **kö-ku**, hann fékk **klei-nur**

Hann fékk **ka-nel-snúð** og líka **kex**.

Hann fékk **kar-töf-lur**, hann fékk **kjöt-bol-lur**

og líka **ka-ra-mel-lur** sex!